

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 6. nóvember 2019.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.40.

Mættir: Hrafnkell Marínósson, Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson, Aðalsteinn Valdimarsson, Kristinn Arason, Viðar Halldórsson, Sveinn Sigurbergsson og Ragnar Hilmarsson. Forföll: Karl Georg Klein.

Dagskrá:

- 1. Bréf frá ÍSÍ dagsett 1. nóvember 2019 um stofnþing Bogfimisambands Íslands**
Stofnþingið verður sunnudaginn 1. desember nk. kl. 13.00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal. Níu héraðssambönd / íþróttabandalög og tíu íþróttafélög verða stofnaðilar, þar á meðal ÍBH og Bogfimifélagið Hrói Höttur.
- 2. Félagsmálastefna Íþróttabandalags Hafnarfjarðar – drög**
Lögð fram til kynningar og umræðna. Tillögur um breytingar teknar saman.
- 3. Forvarnarstefna Íþróttabandalags Hafnarfjarðar – drög**
Lögð fram til kynningar og umræðna. Tillögur um breytingar teknar saman.
- 4. Umhverfisstefna Íþróttabandalags Hafnarfjarðar – drög**
Lögð fram til kynningar og umræðna. Tillögur um breytingar teknar saman.
- 5. Hlutverk stjórnar og stjórnarmanna ÍBH – drög**
Samþykkt.
- 6. Tillaga um lagabreytingu á lögum ÍBH fyrir þing 2021**
Um er að ræða lagabreytingu til að jafna kynjahlutföll við val stjórnarmanna ÍBH. Samþykkt að senda á lögfræðing til ráðgjafar.
- 7. Bréf frá ÍSÍ dagsett 2. október 2019 með athugasemdum við lög Hestamannafélagsins Sörla**
Lagt fram til kynningar. Bréfið hefur verið sent á félagið og það beðið um að lagfæra löginn fyrir næsta aðalfund félagsins.
- 8. Bréf frá ÍSÍ dagsett 7. október 2019 með athugasemdum við lög Bílklúbbs Hafnarfjarðar**
Lagt fram til kynningar. Bréfið hefur verið sent á félagið og það beðið um að lagfæra löginn fyrir næsta aðalfund félagsins.
- 9. Samningur Hafnarfjarðarbæjar við Sambo 80, íþróttafélag**
Umræður um íþrótta- og tómsundafélög og vinnuferlið sem félag þarf að inna af hendi áður en það getur orðið íþróttafélag í íþróttahreyfingunni. Sambo sótti um inngöngu í Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og var hafnað á þeim forsendum að ekki er hægt að stofna íþróttafélag í íþróttahreyfingunni fyrir íþrótt sem er ekki viðurkennd af

Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí). ÍSí hafnaði að viðurkenna íþróttina á þeim forsendum að hún er ekki viðurkennd af Alþjóða Ólympíuhreyfingunni (IOC) og lítið sem ekkert stunduð á Norðurlöndunum.

10. Heilsuefling eldri bæjarbúa

Sveinn kynnti stöðuna á verkefninu sem hefur staðið yfir í tvö ár og er nú með rúmlega 200 þátttakendum. Hafnarfjarðarbær býður upp á frístundastyrk fyrir 67 ára og eldri sem er kr. 4000 á mánuði. Samþykkt að biðja Janus Guðlaugsson um að kynna verkefnið nánar á næsta fulltrúaráðsfundi ÍBH.

11. Önnur mál

a). MG hvatti stjórn ÍBH til að senda bréf á Hafnarfjarðarbæ, þar sem skorað er á bæjarfélagið að halda áfram að setja fjármuni í uppbyggingu íþróttamannvirkja í samvinnu við íþróttafélög bæjarins.

b). HM upplýsti fundarmenn um fund sem fór fram í október sl. í nefnd hjá ÍSí varðandi endurskoðun á reglum á skiptingu lottótekna til sambandsaðila í ÍSí og UMFÍ. Lögð voru fram gögn sem sýndu skiptinguna til allra sambandsaðila. Gögnin sýndu misskiptingu á tekjunum íþróttahéraðamegin en skiptingin var í lagi sérsambandsmeigin. Vinna að breytingartillögu á reglunum hefst næstu vikur.

c). HM sagði frá vinnu nefnar innan ÍBH um ljósmyndakeppni. Sigurjón Pétursson bætist við nefndina sem fagmaður. Einnig kom hann inn á að unnið er að samstarfi við fjölmiðil um auglýsingar á keppninni og sýningu mynda þegar vali er lokið.

d). HM greindi frá því að Íþróttabandalag Hafnarfjarðar væri ekki ennþá búið að fá knattspyrnutíma í knattspyrnumannvirkjum í Hafnarfirði til úthlutunar fyrir aðildarfélög ÍBH frá Hafnarfjarðarbæ. Vetrarúthlutun er frá 1. október til 30. apríl. Hafnarfjarðarbær er ekki búinn að klára samninga við Fimleikafélag Hafnarfjarðar um rekstur knattspyrnuhúsanna Risans, Dvergsins og Skessunnar sem er ástæðan fyrir því af hverju ÍBH er ekki búið að fá tímana til úthlutunar. VH sagði ennfremur að Fimleikafélag Hafnarfjarðar óskaði eftir því að Hafnarfjarðarbær kláraði eignaskiptasamning Fimleikafélags Hafnarfjarðar við Hafnarfjarðarbæ í Kaplakrika áður en rekstrarsamningar yrðu kláraðir.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.